

# Stærðfræðiratleikur

## Þátttakendur

Viðfangsefnin í lista ratleiksins henta vel fyrir 3-5 nemenda hópa frá 12 ára aldri en aðlaga má viðfangsefnin að yngri nemendum með því að velja úr eða breyta fyrirmælum. Það gæti líka þurft að fara yfir viðfangsefnin með tilliti til þess umhverfis sem leikurinn á að fara fram í .

## Viðfangsefni

Í þessum leik leita litlir hópar að áhugaverðum stærðfræðilegum hlutum í umhverfinu. Þeir fá lista eða nokkur spjöld og taka myndir eftir fyrirmælum á listanum. Þetta verkefni snýst um uppgötvun, skapandi hugsun og að skoða hluti frá ólíku sjónarhorni sem eru grundvallaratriði í stærðfræði iðkun.


## Undirbúningur

1. **Ákveða staðsetningu.** Afmarka svæðið sem þátttakendur eiga að nota til að leita á. Það gæti verið skólalóðin, útivistarsvæði, hús, gata eða annað. Þarf ekki að vera sama svæði fyrir alla hópana. Það má líka skipuleggja þetta sem stærðfræðistíg þar sem nemendur finna fyrirmæli á leiðinni. Það gefur möguleika á að nemendahópurinn fylgist að. Kennari hefur þá tök á að lesa fyrirmælin og hóparnir vinna að sama viðfangsefni á sama tíma.
2. **Ákveða tímarammann.** Gott er að setja tímamörk til að ramma inn verkefnið og viðhalda áhuga. Leiknum er ekki endilega lokið þegar öll atriði á listanum hafa vera fundin því alltaf er sá möguleiki til staðar að finna fleiri myndir sem passa við fyrirmælin. Þetta er samstarfsverkefni svo hópar geta líka hjálpað hvor öðrum til að ljúka við listann sinn.
3. **Ákveða viðfangsefnin á listanum.** Búið til lista yfir 10 atriði eða viðfangsefni sem hópar eiga að finna. Í sérstöku skjali má finna myndaspjöld með nokkrum dæmum og svo auð spjöld þar sem setja má inn ný stærðfræðileg viðfangsefni sem henta nemendahópnum og þeim aðstæðum sem leikurinn á að fara fram í.
4. **Hvernig á að skrá niðurstöður?** Þegar hópur hefur fundið lausn á viðfangsefni er gert ráð fyrir að hann taki mynd. Ef ekki er hægt að nota myndavélar geta hópar teiknað myndir og skrifað stutta lýsingu aftan á myndaspjöldin. Einnig má merkja inn á kort með númeri viðfangsefnis, safna hlutum eða leika viðfangsefnið. Beita má mörgum skapandi leiðum.
5. **Deila niðurstöðum.** Eftir að allir hópar hafa leitað og lokið við viðfangsefnin er mikilvægt að þeir deili niðurstöðum sínum hver með öðrum. Ef þátttakendur eru fáir geta þeir setið saman og sýnt hver öðrum hvað þeir fundu frá myndaskjánum. Stórir hópar geta notað margvíslegar leiðir: haldið myndasýningu með því að prenta myndirnar út og hengja þær upp á vegg eða deilt þeim á stórum skjá. Gott er að hafa í huga hvaða tæknilegar lausnir eru aðgengilegar á hverjum stað. Það er enginn sem vinnur í þessum leik. Þetta er samstarfsverkefni þar sem markmiðið er að skoða hluti frá ólíku sjónarhorni, beina sjónum að afmörkuðum þáttum í stærðfræði og ræða saman um stærðfræði. Gaman er að gera myndir af niðurstöðum aðgengilegar fyrir alla þátttakendur.

## Dagur stærðfræðinnar 2024 – Leikið með stærðfræði

### Framkvæmd

1. Safna nemendum saman og útskýra vel leikinn
2. Búa til hópana
3. Gefa upplýsingar um staðsetningu, tímamörk og hvar á að hittast.
4. Deila út gögnum: myndaspjöld eða listi með viðfangsefnum og tæki til að taka myndir.
5. Leit.
6. Allir deila niðurstöðum sínum.



Leiðbeiningar þessar má finna á nokkrum tungumálum. Myndaspjöldin má finna hér fyrir neðan á ensku, spænsku, frönsku, þýsku

- English <https://www.idm314.org/resources/activities/idm-scavenger-hunt-cards-en.pdf>
- Español <https://www.idm314.org/resources/activities/idm-scavenger-hunt-cards-es.pdf>
- Français <https://www.idm314.org/resources/activities/idm-scavenger-hunt-cards-fr.pdf>
- Deutsch <https://www.idm314.org/resources/activities/idm-scavenger-hunt-cards-de.pdf>

### **Sköpun og deiling**

*Ef þið kjósið getið þið deilt myndunum ykkar með öðrum í stærðfræðiheiminum með því að nota myllumerkin: **#idm314hunt** og **#idm314** á samfélagsmiðlum.*

### **Þakkir**

Leikurinn er upprunalega frá © 2020 IMAGINARY gGmbH

Höfundarétt leiks á a Creative Commons Attribution 4.0 International License.

Höfundarétt myndspjalda á Illustrated cards are licensed under a Creative Commons Attribution ShareAlike 4.0 International License. Myndir eru fengnar frá

[https://github.com/IMAGINARY/idm314-hunt-cards/blob/master/image\\_licenses.md](https://github.com/IMAGINARY/idm314-hunt-cards/blob/master/image_licenses.md)

Verkefnið er fengið af heimasíðu alþjóðlegs dags stærðfræðinnar 2024:

<https://www.idm314.org/organize#classroom-activities>